

Kratus ehf.  
Klafastaðavegi 4  
301 Akranes

Reykjavík 13. nóvember 2017  
UST201611-174/S.P.  
08.07.02

## **Efni: Áminning og lok eftirfylgnimáls**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 24. nóvember 2016 þar sem stofnunin tilkynnti Kratus ehf. um áform um áminningu vegna tveggja frávika er fram komu í eftirliti þann 30. maí sama ár.

### **Frávikan voru eftirfarandi:**

1. Frávik frá grein 2.14 í starfsleyfi. Við skoðun á skemmu þar sem að saltkaka er geymd kom í ljós hún er ekki nægilega varin fyrir raka þar sem að gat er á þaki og klæðningu á hlið skemmunnar.
2. Frávik frá grein 3.1. Engar útblástursmælinar voru gerðar árið 2015 en í starfsleyfinu er kveðið á um a.m.k. árlegar mælingar í útblæstri.

Í seinna eftirliti ársins 2016 sem fram fór þann 6. desember sama ár voru úrbætur vegna fráviks um geymslu saltkökunnar staðfestar og telst því fráviki hér með lokið.

Í eftirliti 30. maí 2016 var staðfest að engar útblástursmælingar höfðu farið fram árið 2015 en að mælingar hefði farið fram í maí 2016. Samkvæmt gr. 3.1. í starfsleyfi rekstraraðila skal gera tölfraeðilega marktæka mælingu í útblæstri, sbr. gr. 2.5. A.m.k. árlega skal mæla ryk, klór- og flúorefnasambönd. Umhverfisstofnun, með það að markmiði að treysta á reglugleg skil mælinganiðurstaðna, veitir rekstraraðili áminningu vegna fráviksins, sbr. 1. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Samkvæmt kröfum í starfsleyfi skulu útblástursmælingar fara fram árlega samkvæmt starfsleyfi og ber rekstraraðila að fylgja því.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 65. gr. laga nr. 7/1998 er heimilt að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að kærufrestur er einn mánuður frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila, sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna.


Eftirfylgnimáli er hófst með bréfi dags. 24. nóvember 2016 telst nú lokið. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 og er gjaldið kr. 52.800.

Rétt er að taka fram að enn eru önnur útistandandi frávik hjá Kratus ehf. og eru þau til meðferðar hjá stofnuninni.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Svövu Pétursdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á svava.petursdottir@ust.is.

Virðingarfyllst

Sigrún Agústdóttir  
sviðsstjóri



Sigrún Agústdóttir  
sviðsstjóri



Svava Pétursdóttir  
lögfræðingur